

Úthlutun úr sjóðnum fer í fyrsta skipti fram, er höfuðstóll hefur náð kr. 500 000.00.

Úthlutun er á hverjum tíma komin undir ákvörðun sjóðstjórnar, en miðað skal að því, að úthlutun fari fram árlega.

Verði, að dómi sjóðstjórnar, ekki ástæða til að úthluta úr sjóðnum í eitt ár eða fleiri, skal þeim fjármunum, sem til úthlutunar hefðu komið, veitt til nemenda eða nemenda síðar, þegar ástæða þykir til.

Styrkveitingar eru heimilar úr sjóðnum, hvort heldur sótt er um styrk eða hann veittur án umsóknar. Umsóknir skal leggja inn til sjóðstjórnar fyrir 15. apríl.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar og allt annað, er sjóðnum við kemur. Sjóðurinn, gerðabækur og allt annað, er honum við kemur, skal vera í vörslu og umsjá skólustjóra Tónlistarskólans á Akureyri.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum: Skólustjóra Tónlistarskólans á Akureyri, einum tilnefndum af kennurum skólans og einum tilnefndum af ættingjum Þorgerðar.

Tilnefning skal fara fram árlega og fyrir áramót vegna komandi árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal á hverju ári gerð af hæfum og óvilhóllum mönnum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 20. janúar 1973.

Jakob Tryggvason.

Eiríkur Stefánsson.

Jón Hlöðver Áskelsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Slysasjóð F. Í. L. og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. desember 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Slysasjóð F.Í.L. og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

1. gr.

Stofnendur sjóðsins eru: Félag ísl. leikara og Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sjóðurinn er stofnaður á lokadaginn, hinn 11. maí 1973, með kr. 118 366.00 — eitt hundrað og átján þúsund þrjú hundruð sextíu og sex krónum —, en sú fjárhæð er ágóði af kvöldskemmtun ofangreindra aðila með aðstoð fjölda annarra listamanna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega þá, sem orðið hafa fyrir slysum, eða/og aðstandendur þeirra, er látist hafa af slysförum. Sérstaklega skal tekið tillit til þeirra, sem lítið eða ekkert eru tryggðir hjá tryggingarstofnunum.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Slysavarnafélags Íslands, er annast fjárreiður hans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum S. V. F. Í. og birtir í árbók S. V. F. Í., eins og aðrir reikningar hans. Aldrei má veita lán úr sjóðnum, né veðsetja hann.

4. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxtatekna, skulu vera ágóði af árlegri skemmtun stofnaðila, svo og áheit, frjáls framlög og aðrar þær tekjur, er honum kunna að berast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 — þrem — mönnum, einum tilnefndum af F. Í. L., einum af Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og einum af Slysavarnafélagi Íslands. Sjóðsstjórn skal skipuð til 3ja ára í senn. Stjórnin annast úthlutun styrkja og semur reglur þar að lútandi.

6. gr.

Stjórnin skal ákveða fjárhæð þeirra styrkja, sem veittir eru úr sjóðnum hverju sinni, en úr honum má veita allt að $\frac{3}{4}$ af árlegum tekjum hans.

7. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta með samþykki allra sjóðstjórnarmanna. Þó má aldrei breyta nafni hans og höfuðtilgangi, svo og 1. og 3. gr. efnislega.

8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ**um þjóðvegi í kaupstöðum og kaupþúnum.**

1. gr.

Í kaupstöðum og kaupþúnum með 300 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 80/1973 svo sem hér segir (númer þjóðvegar er tilgreint í sviga, eftir því sem við á):

Vík í Mýrdal:

Aðalgatan frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.